



Outlook

Afgreiðslubréf: Tillaga um eftirfylgni vegna skýrslu nefndar um heildstæða athugun á starfsemi vöggustofu Thorvaldsenfélagsins 1974-1979

Frá SBB Stjórnsýsla <SBBstjornsysla@reykjavik.is>

Dagsetning mán. 26.1.2026 11:35

Til Elísabet Pétursdóttir <Elisabet.Petursdottir1@reykjavik.is>; Randver Kári Randversson <Randver.Kari.Randversson@reykjavik.is>

Afrit Mannréttindi <mannrettindi@reykjavik.is>; Velferð <velferd@reykjavik.is>

 Eitt viðhengi (304 KB)

Eftirfylgni á skýrslu Vöggustofunefndar - tillaga til borgarráðs 22.01.2026. MSS26010078..pdf;

MSS26010078

Sæl,

Á fundi borgarráðs þann 22. janúar sl. var samþykkt tillaga borgarstjóra um eftirfylgni á skýrslu nefndar um heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins 1974-1979.

Borgarráð samþykkti sem lið í þeirri tillögu að vísa vöggustofuskýrslunni til umsagnar velferðarráðs og mannréttindaráðs. Óskað er eftir að umsögn berist innan þriggja vikna á sbbstjornsysla@reykjavik.is.

Bestu kveðjur,
Sandra Dröfn Gylfadóttir

Lögfræðingur
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara
Ráðhús Reykjavíkur

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>



Borgarráð

Reykjavík, 19. janúar 2026

MSS26010078

***Eftirfylgni á skýrslu nefndar um heildstæða athugun á starfsemi
Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins 1974-1979***

Lagt er til að borgarráð samþykki meðfylgjandi tillögur (i) um umgjörð á geðheilbrigðis- og sálfræðipjónustu eða aðra sértæka þjónustu fyrir fyrrum vöggustofubörn, (ii) að vísa vöggustofuskýrslunni til umsagnar velferðarráðs og mannréttindaráðs, (iii) að skora á dómsmálaráðuneytið að ljúka við gerð frumvarps um sanngirniseður sem allra fyrst til að leitast við að rétta hlut þeirra einstaklinga sem vistaðir voru á Vöggustofunni Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins með fjárgreiðslu í formi skaðabóta og (iv) að ekki verði um frekari athuganir að ræða á vöggustofum á grundvelli laga nr. 45/2022 því ekki liggur fyrir að önnur vistheimili fyrir börn hafi sem slík beinlínis verið skilgreind sem vöggustofur. Áætlaður kostnaður vegna geðheilbrigðis- og sálfræðipjónustu er í fyrstu um 15 m.kr. og lagt til að kostnaðurinn verði tekinn af liðnum ófyrirséð og falli að mestu til á árinu 2026.

Greinargerð:

Sjálfstæð og óháð nefnd sem Reykjavíkurborg skipaði til að gera athugun á starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins í Reykjavík árin 1974-1979 kynnti niðurstöður sínar í borgarráði fimmtudaginn 15. janúar 2026. Um er að ræða framhaldsathugun sem unnin var í kjölfar fyrri athugunar á starfsemi vöggustofa í borginni fyrir árin 1949-1973. Tímabilið sem nú um ræðir, árin 1974 -1979, er þannig í beinu framhaldi af því tímabili sem fjallað var um í skýrslu fyrri vöggustofunefndar sem kannaði árin 1949-1973.

Á tímabilinu 1974-1979 voru alls vistuð 236 börn á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Nefndin telur aðstæður á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins, aðbúnaður barna þar, umönnun barna og möguleikar foreldra á heimsóknum hafa verið með betri hætti á tímabilinu 1974–1979 en við átti um tímabilið fyrir 1967, sem lýst er í skýrslu fyrri vöggustofunefndar. Athugun á tímabilinu 1974-1979 bendir til þess að þá hafi ekki lengur verið fyrir hendi starfshættir á stofnuninni sem fólu almennt í sér að starfsfólki hafi verið settar skorður um umönnun barna eða að möguleikar starfsfólks á að sinna þörfum einstakra barna hafi verið takmarkaðir sérstaklega að öðru leyti.

Hins vegar kemur fram í niðstöðum nefndarinnar að vissum þáttum í starfsemi stofnunarinnar var engu að síður ábótavant. Næturvaktir virðast hafa verið faliðar, miðað við aldur og þarfir barna á vöggustofunni, almennt virðist ekki hafa verið hugað að því með faglegri vinnu eða greiningum að mæta sérþörfum barna, svo sem þeirra sem voru fötluð, þeirra sem voru eldri, þeirra sem komu úr sérstaklega erfiðum aðstæðum eða voru vistuð oft, og þá dvöldust börn í vissum tilvikum afar lengi á vöggustofunni.

Niðurstöður nefndarinnar voru í meginatriðum þrípættar. Í fyrsta lagi að því verði ekki slegið föstu að börn sem dvöldu á vöggustofunni á tímabilinu 1974–1979 hafi sætt illri meðferð á stofnuninni í skilningi laga nr. 45/2022. Í öðru lagi að málsmeðferð barnaverndar við töku ákvarðana um vistun barna á stofnuninni hafi oft og tíðum ekki verið í samræmi við lög. Í þriðja



lagi að opinbert eftirlit með meðferð barna á stofnuninni hafi verið afar takmarkað og ekki í samræmi við lagakröfur um eftirlit með starfseminni á tímabilinu.

Samkvæmt lögum nr. 45/2022 skal vöggustofunefnd leggja grundvöll að tillögum til Reykjavíkurborgar um frekari viðbrögð ef ástæða þykir til. Vöggustofunefndin setti fram alls fjórar tillögur sem voru lagðar fyrir borgarráð 12. október sl. til frekari málsmeðferðar og byggir á sambærilegum tillögum fyrri vöggustofunefndar.

1. Geðheilbrigðis- og sálfræðipjónusta

Fyrsta tillagan er að Reykjavíkurborg tryggi að vöggustofubörn fái geðheilbrigðis- eða sálfræðipjónustu eða, eftir atvikum, aðra sértæka aðstoð sér að kostnaðarlausu. Samþykkt var á fundi borgarstjórnar 20. janúar sl. að Reykjavíkurborg tryggi þeim sem dvöldu á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins á árunum 1974-1979 ókeypis geðheilbrigðis- og sálfræðipjónustu eða aðra sértæka aðstoð. Þetta er sambærileg þjónusta og var samþykkt í borgarráði í kjölfar athugunar fyrri vöggustofunefndar. Borgarstjórn samþykkti að fela skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, í samstarfi við sérfræðinga á þessu sviði, að láta vinna tillögu um nánari útfærslu sem tryggir vöggustofubörnum kostnaðarlausu geðheilbrigðis- eða sálfræðipjónustu sem fyrst.

Hér er tillaga að umgjörð geðheilbrigðis- og sálfræðipjónustu fyrir fyrrum vöggustofubörn sem er sambærileg og var samþykkt í kjölfar fyrri vöggustofuskýrslu, unnin í samstarfi við sérfræðing á þessu sviði:

Fyrirkomulag:

- Vöggustofubörn geta óskað eftir þjónustunni í gegnum símanúmerið 411-1400 hjá Reykjavíkurborg með því að láta vita að erindið snerti vöggustofur, eða í gegnum netfangið voggustofur@reykjavik.is sem starfsmaður Reykjavíkurborgar vaktar.
- Netfangið verður vaktað af fagaðila sem hefur aðgang að lista yfir vöggustofubörn og getur staðfest dvöl viðkomandi einstaklings á vöggustofu (miðað við eins mánaðar lágmarksdvöl á vöggustofu líkt og viðmiðið var í vöggustofuskýrslu og hjá fyrri vöggustofunefnd).
- Ef dvöl er staðfest getur fagaðili sett upp tíma fyrir símaviðtal þar sem lagt er mat á þjónustupörf.
- Ef niðurstaða símaviðtals er að þörf sé á bráðapjónustu verður viðkomandi vísað á bráðapjónustu geðsviðs LSH í gegnum sérstakan tengilið þar. Ef niðurstaðan er að fyrst og fremst sé um að ræða fíknivanda verður viðkomandi vísað á göngudeild SÁÁ í gegnum sérstakan tengilið þar.
- Öllum öðrum verður vísað í almenna sálfræðipjónustu á stofur sem hafa tekið að sér að sinna þjónustunni í verktöku fyrir Reykjavíkurborg samkvæmt samningi (sjá nánar í flæðiriti).
- Fagaðili metur þörf á aðstoð og fjölda viðtala (miðað við að hámarki 10). Almennt er miðað við að þjónustan verði í boði til loka árs 2026.

Verktakar:

- Gerð verður verklýsing fyrir sálfræðipjónustu.
- Farið í verðfyrirspurnir til sálfræðistofa og/eða hóps sálfræðinga sem mynda teymi sem hafa bolmagn til að taka að sér mörg mál.
- Æskilegt er að meðferðaraðilar séu bæði konur og karlar
- Æskilegt er að um sé að ræða sálfræðinga sem hafi reynslu af þunglyndi, kvíðaröskunum, áfalla- og streituröskunum auk vinnu með sjálfsmynd og samskiptavanda.



Trúnaður:

- Gæta þarf sérstaklega að þagnarskyldu og trúnaði ef sá aðili sem vaktar vefpóstinn og athugar hvort viðkomandi hafi verið á vöggustofu er ekki heilbrigðisstarfsmaður.
- Í rannsóknum innan heilbrigðisvísinda gerir Vísindasiðanefnd oft þá kröfu að þátttakendum sé boðin sálfræðipjónusta á kostnað rannsakenda. Í þeim tilvikum er þjónustan sett þannig upp að viðkomandi sálfræðingur sendir reikning án þess að nafn þjónustuþega komi fram ár reikningnum. Huga þarf að þessu til að gæta að trúnaði við þjónustuþega þegar reikningar eru sendir til Reykjavíkurborgar.


Önnur þjónusta:

- Hugsanlega kemur upp sú staða að sálfræðingur sem sinnir viðtölum við einstakling telji þörf fyrir félagsþjónustu. Slíkum málum er vísað til félagsráðgjafa hjá Reykjavíkurborg sem verður sérstakur tengiliður.

Kostnaðaráætlun:

Erfitt er að áætlað fjölda fjölda vöggustofubarna sem myndu óska eftir kostnaðarlausri geðheilbrigðis- eða sálfræðipjónustu. Í fyrstu er miðað við um 40 einstaklinga sem þurfa 3-10 tíma hver. Einnig þarf að gera ráð fyrir öðrum ófyrirséðum kostnaði. Áætlaður kostnaður er um 15 m.kr. Gert er ráð fyrir að kostnaðurinn verði tekinn af liðnum ófyrirséð og falli að mestu til á árinu 2026.

Flæðirit fyrir móttöku vöggustofubarna:





2. Eftirlit og framkvæmd á sviði barnaverndarmála

Í kjölfar þess að skýrsla fyrri vöggustofunefndar (1949-1973) var gefin út greip Reykjavíkurborg til allnokkurra aðgerða, eins og fram kemur í samþykktum borgarráðs og fastanefnda borgarinnar í tilefni af þeirri skýrslu. Vöggustofunefndin sem gerði athuginina fyrir starfseminu 1974-1979 telur að til viðbótar við þau atriði sem borgin hefur þegar til skoðunar að það sé afar mikilvægt að tryggja að fyrir liggi fullnægjandi lýsingar og skráningar, ekki aðeins um meðferð og afgreiðslu einstakra mála, heldur einnig um barnaverndarstarfið heildstætt. Vöggustofunefndin tekur einnig fram að við mat á gæðum barnaverndarstarfs sé almennt afar mikilvægt að huga að árangri og líðan þeirra einstaklinga sem barnavernd lýtur að á hverjum tíma, tryggja að beitt sé gagnreyndum aðferðum á hverjum tíma, sem og því að leitast sé við að greina árangur af starfinu og aðferðum sem þar er beitt til lengri tíma.

Lagt er til að vísa vöggustofuskýrslunni til umsagnar velferðarráðs og mannréttindaráðs.

3. Skaðabótaskylda hins opinbera

Vöggustofunefndin leggur til að fylgt verði tillögu fyrri vöggustofunefndar um að lagt verði á það mat, af bærum aðilum, hvort og þá að hvaða marki verði leitast við að rétta hlut þeirra einstaklinga sem vistaðir voru á Vöggustofunni Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins með fjárgreiðslu í formi skaðabóta. Vöggustofunefnd segir m.a. að það þurfi að „*horfa til þess að sanngirnissætur hafa, sem úrræði til að mæta þeim sem voru vistaðir sem börn á vistheimilum á vegum hins opinbera, fengið afar mikla opinbera umfjöllun á síðustu árum og misserum. Telur nefndin að það atriði eitt út af fyrir sig leiði til þess að það sé afar mikilvægt, ekki síst gagnvart þeim hópi einstaklinga sem um ræðir, að fyrir liggi tiltölulega skýr afstaða hins opinbera um það hvort, við hvaða aðstæður og vegna hvaða tímabila og vistunarúrræða slíkar bætur geti komið til álita.*“

Drög að frumvarpi um sanngirnissætur á vegum forsætisráðuneytisins var birt í samráðsgátt stjórnvalda undir lok ársins 2022 og lagt fram á Alþingi veturinn 2023-2024 en náði ekki fram að ganga. Frumvarpið hefur ekki verið lagt fram að nýju og er ekki á þingmálaskrá 2025-2026. Samkvæmt upplýsingum frá forsætisráðuneytinu í upphafi árs 2026 hefur dómsmálaráðuneytið tekið verkefnið að sér og er að meta hvaða leiðir komi helst til greina.

Lagt er til að borgarráð skori á dómsmálaráðuneytið að ljúka við gerð frumvarps um sanngirnissætur sem fyrst til að leitast við að rétta hlut þeirra einstaklinga sem vistaðir voru á Vöggustofunni Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins með fjárgreiðslu í formi skaðabóta.

4. Frekari athuganir á grundvelli laga nr. 45/2022

Vöggustofunefndin bendir á í skýrslunni að á vegum Reykjavíkurborgar voru á 20. öldinni rekin fleiri vistheimili fyrir börn heldur en aðeins Vöggustofan Hlíðarenda og Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins. Ekki liggur hins vegar fyrir að þau heimili verði sem slík beinlínis skilgreind sem vöggustofur. Þá segir nefndin að hér verði einnig að horfa til þess að í greinargerð sem fylgdi frumvarpi því sem síðan varð að lögum nr. 45/2022 kemur skýrlega fram að tilefni frumvarpsins sé: að kveða á um nauðsynlegar heimildir í lögum í því skyni að fyrirhuguð úttekt Reykjavíkurborgar með skipun nefndar til að fjalla um starfsemi Vöggustofunnar að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins geti náð fram að ganga. Í ljósi þeirrar skýru afmörkunar sem þarna kemur fram að tilgangur laga nr. 45/2022 sé að gera



Reykjavíkurborg færir að láta framkvæma athugun á Vöggustofunni Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins og með vísan til þess að hugtakið vöggustofa hefur ekki skýra afmörkun í íslenskum lögum, telur vöggustofunefnd rétt að ganga út frá að þau lög verði ekki með óbreyttum hætti notuð til frekari athugana á vistheimilum á vegum Reykjavíkurborgar.

Því er lagt til að ekki verði um frekari athuganir að ræða á grundvelli laga nr. 45/2022.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

[Skýrsla vöggustofunefndar um starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins á árunum 1974-1979](#)



Reykjavík